

beiðanda er hins vegar talið, að félagið selji vörur á svipaðan hátt og aðrar verzlánir og hljóti því að vera útsvarsskylt.

Pöntunarfélagið á Eyrarbakka er skráð í firmaskrá Árnassýslu 20% 1937. Er markmið þess talið að útvega félagsmönnum alls konar vörur með pöntunarstarfsemi. Samkvæmt 9. gr. félagslaganna skal nota félagssjóð til rekstrar félagsins. Í hann skal leggja 2% af viðskiptaveltu, inngöngugjald nýrra félaga, sem nemur 5 krónum, svo og annað það fé, sem honum kann að áskotnast samkvæmt samþykktum félagsfunda eða á annan hátt. Í 11. gr. félagslaganna er fyrir mælt, að aðalfundur ákveði, hve mikill ársarður skuli greiddur svo og að arður, sem ekki er sóttur á því ári, sem hann fellur til útborgunar, renni í félagssjóð. Enn fremur er sagt, að sá hluti árságóðans, sem ekki er úthlutað sem ársarði, renni í félagssjóð.

Samkvæmt 6. gr. útsvarslaganna eru félög útsvarsskyld, önnur en þau, sem sérstaklega eru undanþegin útsvarsskyldu. Í lögum Pöntunarfélagsins er beinlinis fyrirskipuð sjóðsöfnun, og getur slík eignasöfnun orðið með ýmislegu móti. Fellur félagið því ekki undir undantekningarákvæði laganna um útsvarsskyldu, og verður rétturinn að líta svo á, að hið umbeðna lögtak eigi að fara fram.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 11. apríl 1945.

Nr. 2/1944. **Réttvísir** (Lárus Fjeldsted)
gegn

Sigurjóni Óskari Gíslasyni (Eggert Claessen).
Gripdeild.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu, sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Hæð bótakröfu Gunnars Sigurgeirssonar er reist á mati því, er framkvæmt var 19. og 22. júní 1943. Mati þessu hefur ákærði mótmælt sem óstaðfestu, og þegar af þeirri ástæðu, að matsmenn hafa ekki staðfest matið fyrir dómi, er ekki unnt að leggja það til grundvallar ákvörðun bótafjárhæðar. Og með því að gögn

skortir að öðru leyti til að meta tjón Gunnars Sigurgeirssonar til fjár, ber að vísa kröfu hans frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Skaðabótakröfu Gunnars Sigurgeirssonar vísast frá héraðsdómi. Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Óskar Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Eggerts Claessens, kr. 500.00. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. október 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 12. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2466/1943: Réttvisin gegn Sigurjóni Óskari Gíslasyni, sem dómtekið var 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Óskari Gíslasyni, starfsmanni við vatnsveitu Reykjavíkur, til heimilis á Holtsgötu 13 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. ágúst 1910. Hinn 16. júní 1932 hefur hann sætt áminningu fyrir óspektir í veitingahúsi og hinn 20. júní sama ár áminningu fyrir áflog. Að öðru leyti hefur hann ekki svo kunnugt sé sætt ákæru né refsingu.

Í desember 1942 keypti Gunnar Sigurgeirsson verkamaður, Grjótagötu 4, tvær gamlar bifreiðar af Þorsteini Jónssyni, Framnesvegi 44 hér í bæ. Önnur þeirra stóð við lítið íbúðarhús eða íbúðarskúr nálægt Vatnsgeymi. Hún var óskráð og ónothæf og ætlaði Gunnar einungis að nota úr henni ýmsa hluti. Frá því í janúar og þar til 5. maí s. l. kom Gunnar ekki að bifreiðinni. Þegar hann gekk frá henni í janúar, var hún í mjög lélegu standi, hurðir bundnar aftur með vírspottum, allar rúður brotnar, upphalarar

og handföng farin af hurðunum og öll sæti farin nema hakið af framsætinu. Þegar Gunnar keypti bifreiðina kveður hann seljandann hafa sagt, að hún mætti standa þarna. Engan vörzlumann setti Gunnar yfir bifreiðina. Þegar hann kom að bifreiðinni 5. maí, hafði yfirbygging hennar verið logskorin sundur og framhluti hennar tekinn burt og auk þess hvalbakurinn og vélarhlíf. Ákærður hefur viðurkennt töku hluta þessara. Hann átti bifreið og vantaði á hana hús og vélarhlíf. Hann frétti, að tveir bifreiðargarmar væru í Hafnarfjarðarhrauni og þessi umræddi bifreiðargarmur við Vatnsgeymi. Hann leitaði bifreiðanna í Hafnarfjarðarhrauni, en fann þær ekki. Síðan fór hann að Vatnsgeymi, hitti konu, sem bjó í íbúðarhúsi því, sem bifreiðin stóð í grennd við, og spurði hana, hver mundi eiga bifreiðina. Hún kvaðst ekki vita það, en sagði oft koma þarna menn, sem þættust eiga hana og tækju ýmsa hluti úr henni. Segir ákærður hana hafa sagt sér nafn og heimilisfang eins þessara manna og sig hafa leitað hans, en eigi fundið, og síðar gleymt hvorutveggja. Nokkru eftir þetta, sennilega seint í febrúar, fór ákærður með mann með sér að bifreið Gunnars. Þeir skáru yfirbyggingu hennar sundur þvert yfir með logsuðutækjum og tóku framhluta hennar ásamt vélarhlífinni og hvalbaknum og höfðu á brott með sér og setti ákærður hluti þessa síðan á sína bifreið. Ákærður heldur því fram, að hann hafi talið bifreið þessa algerlega umhirðulausa og að eigandi hennar hefði fleygt henni eða mundi ekkert skeyta um hana og því telji hann sig ekki þjóf að hlutum þeim, er hann tók úr bifreiðinni. Maður sá, sem var með ákærðum við að losa hlutina frá bifreiðinni, hefur borið, að sitt álit hafi verið, að bifreiðin væri yfirgefin og umhirðulaus með öllu og ástand hennar eins og henni hefði verið fleygt. Ekki verður talið, að ákærðum hafi verið rétt að líta svo á, að bifreiðinni hefði verið fleygt. Bæði var hún á þeim stað, sem óeðlilegt var að hlutum sem þessum væri fleygt á, og verðmæti hennar töluvert. Hefur ákærður því með töku áðurnefndra hluta bifreiðarinnar með þeim hætti, sem að framan er lýst, brotið 245. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin. Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærðan frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Gunnar Sigurgeirsson og ákærður hafa ekki orðið á eitt sáttir hvaða bætur sanngjarnt sé að komi fyrir hina stolnu muni. Skipaðir voru því tveir menn til að meta tjón það, er ákærður hafði bakað Gunnari með töku hlutanna, og mátu þeir skaðann á samtals kr. 2925.00. Hefur Gunnar miðað skaðabótakröfu sína við þessa

upphæð, og verður sú krafa tekin til greina þrátt fyrir mótmæli ákærðs.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hdl. Gústafs Ólafssonar, kr. 200.00. Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Sigurjón Óskar Gislason, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 haldin.

Ákærður er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði Gunnari Sigurgeirssyni kr. 2925.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Gústafs Ólafssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1945.

Nr. 131/1944. **Austri h/f** (Magnús Thorlacius)
 gegn

Jens Árnasyni (Gunnar Þorsteinsson).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. okt. 1944, skotið með stefnu 20. okt. s. á. máli þessu til hæstaréttar og krafizt þess aðallega, að tilteknum kröfuliðum verði vísað frá dómi, en sýknað að öðru leyti, en til vara, að hann verði alsýknaður. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, að fráteknu ákvæði um sjóveðrétt, og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.